

Læs náum við árangri

Þróunarstarf Húsaskóla 2015 – 2016

Inngangur

Læsi er einn af grunnþáttum í menntun og fékkst styrkur úr Sprotasjóði skólaárið 2015 – 2016 til að móta lestrarstefnu Húsaskóla samkvæmt nýjum áherslum í læsi. Nauðsynlegt er að mæta þeim vísbendingum sem Íslendingar hafa um lakari árangur barna þá einkum drengja í læsi og koma til móts við minkandi lestur barna sem gerir það að verkum að lestrakunnátta þeirra verður lakari.

Markmið

Að skólasamfélagið móti sér sýn um gildi læsis í skólanum og þrói áherslur í læsi þannig að sá grunnþáttur verði bæði sýnilegur og markviss í námskrá skólans, stefnu og starfi.

Að vinna í námskrárgerð sem byggir á sameiginlegri sýn og móta verklag sem styður við stöðugar framfarir nemenda frá 1.-7. bekk. Að auka áhuga nemenda á læsi með tengingu við samfélagið utan skóla.

Áhersla á að:

- viðhalda áhuga nemenda til að efla læsikunnáttu sína
- vinna með forsjármönnum í eflingu læsis
- auka gagnvirkni í lestri þannig að nemendur verði læsir á umhverfi sitt
- nemendur nýti sér læsi í öllu sínu námi
- þróa vinnubrögð þannig að hlutverk kennarans verði meira það að liðsinna nemendum við að spyrja spurninga og leita svara heldur en að miðla ákveðnum fróðleik og upplýsingum
- námsumhverfi styðji við læsi og styðji við virkni nemenda
- að læsistefna verði hluti af skólastarfinu en ekki bundin við einstaka kennara eða námssvið
- læsi verði í víðum skilningi, læsi í öllum námssviðum og markviss læsiskennsla í öllum árgöngum skólans sem skilar mælanlegum árangri nemenda.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðum

Strax vorið 2015 héldum við rýnifundi og ræddum og máttum hvað þegar er gert í læsiskennslu í Húsaskóla og hvað mætti efla enn frekar. Var valið að efla Byrjendalæsi en mennta þurfti nýjan leiðtoga og héldu þrír kennarar áfram á sitt annað námsár og tveir hófu nám í Byrjendalæsi. Eru þá allir kennarar á yngsta stigi með menntun eða eru að mennta sig í Byrjendalæsi. Fagleg ráðgjöf kom frá Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri.

Haustið 2015 fóru allir kennarar við skólans á heilsdags ráðstefnuna *Læsi er lykill* sem samtök áhugafólks um skólaþróun hélt.

Miðstigskenningarar tóku þátt í námskeiði á vegum Miðgarðs, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness sem bar heitið *Bókaormældi* var það námskeið sett saman af ráðgjöfum Miðgarðs fyrir miðstigskenningara Grafarvogs og Kjalarness og var leitað til skólastjórnenda í því ferli þegar áherslur þess verkefnisins voru mótaðar. Markmið námskeiðsins var að styðja við lestur og lestrarkennslu á miðstigi grunnskóla. Meðal þátta á námskeiðinu var lestrarvenjur og leiðir til að efla áhuga nemenda á lestri, PALS, lestrarörðugleikar, 6+1 vídd ritunar ásamt fleirum hugmyndum til að efla læsi.

Þróunarfundir Húsaskóla voru reglulega notaðir til að efla læsi. Kennarar í teyllum komu með tillögur að verkefnum til að þjálfa ýmis atriði læsis, má þar nefna orðmyndir, spurningaleiki, viðhorf til lestrar, að gera lestur sýnilega á veggjum skólans og fleira og eru það allt góð fyrstu skref að mati okkar til að gera læsi hátt undir höfði. Fjórar klukkustundir fóru líka í að horfa/hlusta á fyrirlestra um læsi, frá Sambandi sveitafélaga og af læsisráðstefnu frá Háskóla Akureyrar en hægt var að nálgast þá á netinu. Kennarar völdu úr þeim fyrirlestrum eftir sinni áherslu.

Úr lestrafræðunum sáum við þessa þrískiptingu á lesurum:

- þeir sem geta lesið og lesa
- þeir sem geta lesið en lesa ekki
- þeir sem eiga í erfiðleikum og lesa þess vegna ekki

Hluti nemenda á í lestrarvanda og héldu sérkenningarar skólans vel utan um þann hóp, greindu vanda þeirra og settu af stað þjálfun og kennslu sem aðstoðar þá við að ná tökum á lestri. Á miðstigi var samvinna við HÍ nema í sálfræði varðandi nemanda með mikla örðugleika í lestri og skilaði það árangri, skref fyrir skref. Vonast er til að þessi aðferð nýtist fleirum.

Deildastjóri sérkennslu virkjaði vel stoðteymi skólans til að passa að þeir nemendur sem ekki þjálfast nóg í lestri fái aukna þjálfun í skólanum. Voru bæði stuðningsfulltrúar, þroskaþjálfari og bókasafnsfræðingur skólans virkir í þeirri þjálfun á síðasta skólaári og viljum við halda áfram með þá þróun en tekin var ákvörðun um að ráða bókasafnsfræðing inn á bókasafn og hafa opnunartíma reglulegri. Nemendur komust því inn á bókasafn strax klukkan átta og nýttu þeir sér það vel áður en kennsla hófst tuttugu mínútur yfir átta. Nokkrir bekkir fengu lestrarvini úr Korpúlfum, félagi eldri borgara í Grafarvogi, sem komu í sjálfboðaliðavinnu og hlustuðu á nemendur lesa. Aukið fjármagn var sett til bókakaupa þannig að úrval bóka jókst, einnig juku kennarar við þann tíma þar sem nemendur lesa í skólanum og kynnst þannig heimi bóka.

Kennarar rýndu í hæfniviðmið Aðalnámskrár í mismunandi námsgreinum og greindu tækifæri til að auka læsi innan námsgreinar. Má þar t.d. nefna skrifleg og

myndræn skilaboð í ípróttum, nótnalestur í tónmennt, lestur uppskrifta og táknllestur á umbúðum matvæla í heimilsfræði og svo framvegis.

Foreldrar fengu þá ábyrgð að sinna heimalestri en allir nemendur hafa kvittanahefti og fengu foreldrar ýmsar tillögur að heimalestri frá kennurum. Sá þáttur má eflast enn frekar og bjóða upp á meiri samvinnu um lestranáms og boðleiðir í báðar áttir.

Í foreldrakönnun vorið 2016 voru foreldrar spurðir út í lestur barna sinna og 100 % foreldrar voru sammála um að barnið þeirra hafi góðan aðgang að bókum til lestrar. Hins vegar eru ekki nema 29 % sammála um að barnið þeirra ræði við sig efni sem það les, 46 % frekar sammála en 19 % frekar ósammála og 6% ósammála. Við spurningunni *barnið mitt les bækur án þess að vera beðið um það* svöruðu 60 % mjög eða frekar sammála og 77% miðstigsnemanda en 43% á yngstastigi. Lítil munur var á milli kynja eða 62% stúlkna og 57% hjá drengjum. Þarna geta verið góð sóknarfæri sérstaklega á yngsta stigi en við viljum að nemendur okkar lesi sér til ánægju. Á skólaárinu var einnig fest í sessi skil á niðurstöðum lestrarmats til foreldra og eyðublöð útbúin til að skila niðurstöðum af sér.

Áfram var lögð áhersla á mat á lestri, bæði raddlestur og lesskilning. Við prófuðum raddlestrapróf sem Margrét Þorvaldsdóttir tók saman og lögðum þeim gömlu sem hafa verið notuð undanfarna áratugi. Við tókum ákvörðun um hvaða próf yrðu lögð fyrir hvern árgang og að yrði prófað 4 sinnum yfir veturinn áfram. Áður vorum við að nota gömul lestrapróf en þar gætti ekki samræmis í þyngd og einnig voru alltof mörg orð sem nemendur hafa ekki á valdi sínu. Þessi lestrapróf eru ekki gallalaus og bíðum við spennt að sjá nýju matstækin frá Menntamálastofnun og munum endurskoða þennan matsþátt lestranáms betur þegar þau koma.

Viðmið um raddlestrarfærni í lok hvers árgangs voru endurskoðuð og breytt eftir þörfum. Þá voru mótuð viðmið um viðbröð við niðurstöðum þannig að þeir nemendur sem mesta hjálp þyrftu fengju sérkennslu, þeir sem eru rétt fyrir neðan viðmið en á góðri leið fengju t.d. hraðlestrarnámkeið sem kennarar skólans útbjuggu. Þau voru hugsuð fyrir þá nemendur sem hafa burði til að ná góðum hraða í lestri en þurfa frekari þjálfun til að það takist. Er sú fyrirmynd fengin frá sveitafélaginu Árborg en hlut kennara fóru á málstofu á *Læs er lykill* ráðstefnunni þar sem fulltrúar frá fræðsluskrifstofunni voru með erindi. Þau námskeið voru prófuð á haustmánuðum 2016 eftir fyrstu raddlestrarprófin /lesfimiþrófin. Í september 2016 tókum við í notkun nýju prófin frá Menntamálastofnun og líst okkur vel á þau. Tveggja ára reynsla er komin á að meta lestrahraða (kallast lesfimi nú) og halda utan um þróun einstakra nemenda og viljum við huga enn frekari leiðum fyrir þá nemendur sem geta en gera ekki.

Hraði er ekki allt þó að hann skipti máli en við viljum efla orðaforða og lesskilning og einnig áhuga á lestri. Það er hlutverk skólans og hafa kennarar verið duglegir að prófa og nýta sér það sem þeir læra á námskeiðum og þróa hugmyndir áfram. Má þar nefna: æfingar með hljóðkerfisvitund, lesa fyrir nemendur, nota orðalista og auka fjölbreytni í lestri með því að nota ýmsar textagerðir. Einnig finnst mörgum kennurum áhersla á tengsl, lestur og ritunar skipta máli og æfingar með frásögu og að setja saman atburðarás.

Umhverfi skiptir líka máli og að bækur séu bæði sýnilegar og aðgengilegar nemendum þannig að þeir geti notað þá tíma sem gefast til lesturs. Skólinn fjárfesti í bókasafnskössum fyrir stofur og bókahillur þannig að hver stofa hafi tiltækt safn bóka. Allir árgangar höfðu yndislestratíma á hverjum degi. Við vorum dugleg að fá rithöfunda í heimsókn að lesa fyrir nemendur og nýttum heimsóknartilboð bókasafna og menningamiðstöðva eins og Gerðubergs og bókasafns Grafarvogs.

Heildstæð verkefni sem tengja læsi og aðrar námsgreinar/grunnþætti menntunar saman virkuðu vel á skólaárinu, þjóðsögur og þjóðþættir þar sem áhersla var lögð á að kenna orðaforða, tegundir lesturs eins og gagnvirkni og að lesa á milli lína og svo um íslenska menningu og lífið í gamla daga. Einnig voru bekkjarsett af skáldsögum fengin að láni sem bekkurinn las saman og unnu með.

Í október og nóvember 2016 höfum við fengið ritsmiðjur fyrir nemendur í 4. – 7. bekk hjá rithöfundasambandi Íslands. Nemendur eru mjög áhugasamir og duglegir. Verkefnið er enn í gangi.

Frávík miðað við áætlun verkefnisins

Haustið 2015 kom í ljós að Reykjavíkurborg veitti ekki pening í svokallaðan C hluta kjarasamning og var því tekið á það ráð að láta verkefnið rúmast innan B-hluta að mestu, þetta tafði verkefnið óneitanlega aðeins. Einnig voru spennandi hlutir að gerast hjá bæði Menntamálastofnun og Miðstöð máls og læsis sem var nýstofnað hjá Reykjavíkurborg og vildum við skoða vel hvað þær stofnanir kæmu með. Hvítbók menntamálaráðherra kom líka inn í verkefnið og vangaveltur um hvort að menntakerfið eigi von á boðum um hvað gera skuli í læsismenntun. Vperða þau mælitæki sem nú eru í þróun eða leiðir sem skólar eiga að fara boðaðar af yfirvöldum?

Þessu verkefni er ekki lokið og munu þróunarfundir í læsi halda áfram næsta skólaár og þróast enn frekar meðfram þeim nýju leiðum, mælingum og tækjum sem þessar stofnanir koma til með að veita okkur, vonandi strax á næsta skólaári.

Fagleg ráðgjöf kom frá skólaþróunar við Háskólann á Akureyri en ekki Menntavísindasviði Háskóla Íslands eins og áætlað var í upphafi og mun HA halda áfram næsta vetur að veita okkur leiðsögn.

Margir rithöfundar komu í heimsókn á síðasta skólaári og kveikti það áhuga á læsi og ritun. Ritsmiðjur fóru af stað haustið 2016.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Tíminn er alltaf vanmetinn þáttur en nauðsynlegt er að taka frá tíma sem sérstaklega fjalla um lestur. Var það gert á síðasta skólaári en það hefði mátt vera öflugari stýrihópur utan um verkefnið, þar var ekki gert ráð fyrir nægum tíma og mun vera bætt úr því á þessu skólaári.

Einnig þarf að huga að enn frekari leiðum til að efla foreldra í lestrakennslu barna sinna og leiðum til að efla ánægjulegt samstarf um lestranáám.

Helstu ávinningar af vinnslu verkefnisins jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar verkefnavinnu


Helstu ávinningar af verkefninu eru án efa öflug umræða og endurmenntun varðandi læsi. Einnig markvissari kennsla í lestri og orðræða um lestur sem er nauðsyn til að efla nám og kennslu.


Ýmsir aðrir ávinningar:

- Aukið eftirlit með framförum nemenda í samstarfi kennara og stjórnenda.
- Skýrari viðbrögð og markvissari úrvinnsla úr lestrarmælingum.
- Einstaklingsmiðuð úrræði til að efla lestrarfærni nemenda byggð á niðurstöðum mælinga.
- Foreldrar eru meðvitaðir um mikilvægi lestur og finnum við sterkan meðbyr úr þeim hópi.
- Nemendur eru jákvæðir og áhugasamir um lestur.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Kennarar prófuðu ýmsar gerðir lestrar og eru jákvæðir að þróa vinnubrögð sem ýtir undir áherslur í læsi og eru vakandi að umhverfi nemenda sé lestrahvetjandi. Mælingar á lestrahraða nemenda eru markvissar og til töluleg gögn um framvindu þeirra sem birtar eru á heimasíðu skólans. Einnig er orðin meiri formfesta í því hvernig niðurstöðum er komið til foreldra þegar lestur er metinn og sjá þeir niðurstöður barns síns miðað við aðra í árganginum.






Meðaltal raddlestrar hækkaði úr 170 atkv. til 182 atkv. miðað við vor 2015 og svo vor 2016.


Viðbrögð við niðurstöðum kannana og prófa í lestri eru markvissari og kennarar upplýstari um fjölbreyttar leiðir sem þeir geta nýtt sér til að auka áhuga.

Stuðningur kennara við hvern annan hefur eflt starf þeirra og orðræða aukist um nám og læsi. Einnig eru kennarar duglegir að sækja sér aukna þekkingu í lestrakunnáttu. Byrjendalæsi hefur eflst og er enn verið að mennta kennara í því. Einnig sækja fulltrúar skólans á lestranámskeið hjá Menntavísindasviði *Lestur á dagskrá* fyrir mið- og unglingastig. Eru þeir að sækja sér enn frekari fræðilega kunnáttu til að halda áfram með verkefnið og finna leiðir til að efla kunnáttu nemenda í lestri. Kennsla fer fram í læsi í öllum árgöngum þar sem áherslur er miðaðar að bæði bekknum og svo að hverjum einstakling innan bekkjar. Kennarar eru meðvitaðari um mikilvægi læsi í víðum skilningi og í öllum námsgreinum.

Lesskilningur er mældur tvisvar á ári með prófinu *Orðarún*. Unnið er að því að nýta þær upplýsingar sem prófið gefur til að efla sókn í læsi. Skólaárið 2015 – 2016 var farið yfir það hvað þessar niðurstöður segja okkur og hvar er þá



sóknarfærið til að bæta þá kunnáttu sem er ekki nógu góð. Það sem kom skýrt fram þegar niðurstöður voru rýndar var að lesskilningur þar sem reynir á orðskýringu kom lakast út síðustu þrjú ár og gefur það okkur færi til að endurskoða kennslu og verkefni okkar. Á skólaárinu var orðaforðavika þar sem áhersla var lögð á að skoða uppbyggingu orða og merkingu þeirra. Skoða þarf áfram hvernig hægt er að nýta slíka viku sem byrjun fyrir frekara nám í orðaforða. Myndin hér til hliðar sýnir okkur fjölda prófa sem voru undir og yfir meðaltali stöðlunar í Húsaskóla.



Nemendur 7. bekkjar voru sammála því „að við græðum bara á því að lesa.“


- Fáum betri vinnu í framtíðinni
- Fáum hugmyndir, til að gera mann að betri manneskju
- Dettum inn í okkar eigin heim og förum í ferðalag með sjálfum okkur
- Skiljum spurningarnar þegar við förum í próf
- Getum lesið dagblöðin
- Ímyndunaraflið eykst
- Við getum notað hann til að róa okkur
- Til að skemmta sér
- Fáum meiri skilning á námi
- Aukum orðaforða
- Bætum lesskilning
- Bætum stafsetningu
- Verðum betri í því að skrifa sögur.

Verkefnið *Læs náum við árangri* er komið af stað en þarf að þróast enn frekar og festast í sessi. Skólaárið 2016 – 2017 munu kennarar taka saman og klára endurgerð á lestrastefnu skólans ásamt því að þróa inngrip enn frekar fyrir þá nemendur sem þess þurfa, þ.e. nemendur sem geta lesið en gera það ekki.

Meðfylgjandi er:

Rekstrarreikningur
Lesfímiskýrsla í sept. 2016
Lestrarskýrsla 2015-2016

Reykjavík, 3. nóvember 2016


Undirskrift skólastjóra


Undirskrift verkefnisstjóra